

**Breytingar á aðflutningsskýrslu, ebl. E1 og EDI/VEF-aðflutningsskýrslum vegna nýrra úrvinnslugjalda á pappa/pappírs- og plastumbúðir, sem taka gildi 1. september 2005 við álagningu aðflutningsgjalda við tollafgreiðslu.**

*Alþingi*

*Erindi nr. P 132/2*

*komudagur 24.10.2005*

Útgáfa skjals: 1.3 - 1.03.2005

### **Inngangur**

Hér er lýst breytingum á aðflutningsskýrslu er varða nýja gjaldstofna vegna álagningar úrvinnslugjalda á pappa-, pappírs- og plastumbúðir. Breytingar þarf að gera á vörulínu tollskrárnúmera í aðflutningsskýrslu; gera þarf mögulegt að gefa upp þyngd (kg) pappa- og pappírsumbúða annarsvegar og hinsvegar plastumbúða, hvort sem umbúðir eru fluttar inn einar og sér eða eru utan um vöru. Þessir gjaldstofnar eru ekki til í aðflutningsskýrslu í dag. Nefnd úrvinnslugjöld eru síðan álögð við tollafgreiðslu á nefnda gjaldstofna. Vegna þessa þarf að gera breytingar á útfyllingu aðflutningsskýrslu og tollkerfum, m.a. setja inn ný svæði/reiti fyrir þessar upplýsingar og þeim tengdum.

Sjá einkum 1. og 4. gr. laga nr. 128/2004 um breytingu á lögum nr.162/2002, um úrvinnslugjald, með síðari breytingum.

<http://stjornartidindi.is/servlet/stjrtid/A/2004/128.pdf>

Reglugerð nr. 228/1993, um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra, sbr. reglugerð nr. 857/2000 um breytingu á henni.

<http://www2.tollur.is/tollur/handbok/handbok1/handb1/reglu24.htm>

Auglýsing nr. 591/2004 um skráningu magntölu vara í aðflutnings- og útflutningsskýrslu.

<http://stjornartidindi.is/servlet/stjrtid/B/2004/591.pdf>

### **Gjaldstofnar**

Gjaldstofnar verða þyngd umbúða, hvorrar umbúðagerðar fyrir sig, í kg með 2 aukastöfum (10 gramma nákvæmni). Stærð og gerð svæðis: (n..9,2)

### **Útfærsla í aðflutningsskýrslu**

Innflytjandi gefur umbúðagerð til kynna í aðflutningsskýrslu niður á tollskrárnúmer/vörulínu, hvort varan sé eða sé ekki í pappa/pappírs- og/eða plastumbúðum og gefur upp viðeigandi magntölur (þyngd umbúða) og hvort þær magntölur eru rauntölur (staðfestar upplýsingar um þyngd) eða áætlaðar tölur, sbr. 4. gr. laga nr. 128/2004 um breytingu á lögum nr.162/2002, um úrvinnslugjald, með síðari breytingum.

1. *Gjaldakóðar* pappa/pappírsumbúðagjalds og plastumbúðagjalds verða skráðir á öll gjaldskyld tollskrárnúmer í tollskrá Tollakerfis á sama hátt og önnur gjöld eru skráð á gjaldskyld tollskrárnúmer viðkomandi gjalda í Tollakerfi.
2. *Gjaldstofnar*. Þessar nýju magntölur í vörulínu í aðflutningsskýrslu verða skráðar með hliðstæðu fyrirkomulagi og gildir um reit 41 í útflutningsskýrslu, ebl. E2.1. Upplýsingar um þyngd verða gefnar með 3 stafa kóða sem táknar gjaldstofn umbúðagerðar og magntala síðan gefin upp með kóða. Þetta gefur möguleika á að fjölga gjaldstofnum magngjalda síðar, t.d. ef úrvinnslugjald á glerumbúðir verður tekið upp o.s.frv., með lágmarksbreytingum í tollkerfum.

3. Gefa skal upp bæði kóða gjaldstofns pappa/pappírsgjalds og kóða gjaldstofns plastgjalds í vörulínu aðflutningsskýrslu eftir því sem við á, þ.e. skv. því hvort tollskrárnúmerið ber þessi nýju úrvinnslugjöld. Ennfremur skal gefa upp magn tölu þyngdar með kóða. Ef varan er einungis í einni umbúðagerð, pappa/pappírsumbúðum eða plastumbúðum, eða er alveg án þessara umbúðagerða þá skal gefa yfirlýsingu um að sú umbúðagerð sé 0 kg (< 0,01 kg) að þyngd, sbr. lið 4 hér á eftir.
4. *Yfirlýsing um að varan sé ekki í pappírs/pappaumbúðum og/eða plastumbúðum.* Í þessu tilfalli skal gefinn upp sérstakur kóði gjaldstofns umbúðagerðar, sem einungis er notaður þegar viðkomandi umbúðagerð er 0 kg (< 0,01 kg), sbr. lið 3.

### Dæmi

Dæmi um freyðivín í flösku, sem er í pappakassa. 0,75 lítra flaska, 10 stykki, áfengisstyrkleikur er 11,55%. Heildarmagn í lítrum er 7,5 lítrar og nettóvígt er 12 kg. Heildarþyngd pappakassanna tíu er 0,35 kg, en ekkert plast er í umbúðum.

Vörulína í aðflutningsskýrslu, ebl. E1, er þá þannig útfærð (og samsvarandi svæði í tollkerfum):

PP1 kóði merkir gjaldstofn pappa/pappírsgjalds, rauntala (kóði PP2 ef þyngdin er áætluð). PLX er kóði, sbr. lið 4. hér að ofan, sem gefur til kynna að varan sé ekki í plastumbúðum; 0 kg. (PPX ef vara er ekki í pappa/pappírsumbúðum). - Síðan kemur næsta vörulína í skýrslu. - Gjaldstofnskóðar fyrir plastgjaldið: PL1 (rauntala) og PL2 (áætluð þyngd)

28	29	30	31	32	33	34	35	36	37
Tollskrárnúmer	Vörulegund	Einingar-tala	Nettóþyngd í heilum kg	Fob-verð í erl. Mynt	Tegund gjalda	Upp-runa-land	Tollverð	Taxi	Tollur í árhæð
2204.1023	Freyðivín	10	12	10.800	A	DE			
		PP1	0,35						
		PLX							
		11,55	7,5						
3926.9029	Vara		560	15.500	A	FR			

Sjá ennfremur gildandi leiðbeiningar um tollskýrslugerð, innflutningur, handbók, um reiti 30 og 31 í aðflutningsskýrslu, E1 ebl.

Á hverri vörulínu verður því að gefa upp 2 gjaldstofnskóða; 1 fyrir pappa/pappírsumbúðir og 1 fyrir plastumbúðir. Nánar tiltekið verður fyrir hvora umbúðagerð að gefa upp:

- Pappa/pappírsumbúðir: PP1 ef raunþyngd, staðfest þyngd. PP2 ef áætluð þyngd. PPX ef þyngd er 0 kg (< 0,01 kg).
- Pappa/pappírsumbúðir: PL1 ef raunþyngd, staðfest þyngd. PL2 ef áætluð þyngd. PLX ef þyngd er 0 kg (< 0,01 kg).

Núgildandi gjaldstofnar í aðflutningsskýrslu E1 og EDI/VEF-aðflutningsskýrslum:

## Gjaldstofnar aðflutningsgjalda

- **Gjaldstofnar í aðflutningsskýrslu** geta verið eftirtaldir í vörulínum tollskrárnúmera:
- Tollverð ← Verðmæti vöru
- Upphæð tolls
- Einingartala (stykkjafjöldi)
- Nettóvignt kg (í heilum kg)
- Lítratala (með 2 aukastöfum)
- Styrkleikaprósenta áfengis (með 2 aukastöfum)
- Nett-Nett vignt (með 2 aukast.) (skráist í lítrasvæði)
- Vörusendingin sjálf; tollafgreiðslan sem slík
- Gjaldstofn virðisaukask.: tollverð, tollur og gjöld.

Magn vöru

15. september 2005

Liður 6. á vefsíðu hugbúnaðarhúsa fyrir úrvinnslugjald á pappa/pappírs- og plastumbúðir 1. janúar 2006 á tollur.is. Hafa hann svona:

[http://www.tollur.is/default.asp?cat\\_id=687](http://www.tollur.is/default.asp?cat_id=687) (ekki búið að birta formlega á tollur.is)

**Þegar þyngd umbúða er áætluð. Reikniregla vegna PP2 og PL2 magntölukóða**

Í gildandi lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002, sbr. 7. gr. a í þeim lögum, eru ákvæði um reglur sem skal beita þegar áætla á þyngd umbúða og staðfest þyngd umbúða liggur ekki fyrir. Þessar reglur eru hér kallaðar reiknireglur. Úrvinnslusjóður og Umhverfissráðuneytið eru með í vinnslu að breyta þessum reiknireglum með því að lagt yrði fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögnum um úrvinnslugjald fyrir áramót og sett nánari ákvæði í reglugerð í framhaldi af lagasetningu. Þær reiknireglur, sem lagt er til að verði ákveðnar, miða að nákvæmari og réttlátari áætlun þyngdar umbúða vara í einstökum köflum, vöruliðum og tollskrárnúmerum tollskrárinnar. Mælt er með því að hugbúnaðarhús kynni sér neðangreint skjal um fyrirhugaðar reiknireglur. Nauðsynlegt er að reiknireglur vegna áætlunar á þyngd umbúða í hugbúnaði til tollskýrslugerðar verði innbyggðar í hugbúnaðinn til að tryggja rétta útfyllingu aðflutningsskýrslu og auðvelda vinnu innflytjanda við tollskýrslugerð. Nánari upplýsingar um reiknireglur veitir Úrvinnslusjóður, [www.urvinnslusjodur.is](http://www.urvinnslusjodur.is).

Skjal um fyrirhugaðar reiknireglur vegna áætlunar á þyngd umbúða (tengill á það)

15. september 2005

### Úrvinnslugjald á pappa/pappírsumbúðir og plastumbúðir

Reikniregla þegar þyngd umbúða er áætluð í aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu innfluttra gjaldskyldra vara

Meginreglan verður sú að innflytjandi gefi upp raunverulega, staðfesta, nettóþyngd umbúða, annarsvegar umbúða úr pappa og pappír og hinsvegar úr plasti. Staðfest nettóþyngd getur t.d. verið þegar upplýsingar liggja fyrir skriflega á reikningi eða með öðrum hætti frá sendanda eða seljanda vörunnar erlendis. Staðfest nettóþyngd getur einnig verið til komin með því að innflytjandi hafi vigtað umbúðirnar á löggilttri vog.

Í gildandi lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002, sbr. 7. gr. a í þeim lögum, eru ákvæði um reglur sem skal beita þegar áætla á þyngd umbúða og staðfest þyngd umbúða liggur ekki fyrir. Þessar reglur eru hér kallaðar reiknireglur. Úrvinnslusjóður og Umhverfisráðuneytið eru með í vinnslu að breyta þessum reiknireglum með því að lagt yrði fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögnum um úrvinnslugjald fyrir áramót og sett nánari ákvæði í reglugerð í framhaldi af lagasetningu. Þær reiknireglur, sem lagt er til að verði ákveðnar, miða að nákvæmari og réttlátari áætlun þyngdar umbúða vara í einstökum köflum, vörulíðum og tollskránum tollskrárinnar. Mælt er með því að hugbúnaðarhús kynni sér neðangreindar fyrirhugaðar reiknireglur. Nauðsynlegt er að reiknireglur vegna áætlunar á þyngd umbúða í hugbúnaði til toliskýrslugerðar verði innbyggðar í hugbúnaðinn til að tryggja rétta útfyllingu aðflutningsskýrslu og auðvelda vinnu innflytjanda við tollskýrslugerð. Nánari upplýsingar um reiknireglur veitir Úrvinnslusjóður, [www.urvinnslusjodur.is](http://www.urvinnslusjodur.is)

#### Tillaga að endurskoðuðum reiknireglum

Reikniregian felur í sér að fyrir hvert tollskránumer í aðflutningsskýrslu, sem ber úrvinnslugjald á umbúðir úr pappa/pappír og/eða umbúðir úr plasti, verður unnt að finna í töflu, sem birt verður í reglugerð og verður einnig aðgengileg til niðurhais á vef tollstjóra og Úrvinnslusjóðs, hlutfallsprósentu er nota skal til að reikna og þar með áætla þyngd umbúða. Þessa hlutfallsprósentu er notuð með því að reikna hlutfallið af nettóþyngd vörunnar í reit 30 í vörulínu tollskránumers í aðflutningsskýrslu, ebl. E-1. Nauðsynlegt er að þessi tafla verði til staðar í hugbúnaði til tollskýrslugerðar.

#### Sýnishorn af töflu:

7613	3	-
7614	3	-
7615	3	-
7616		
78	-	-
79	-	-
80	-	-
8101	-	1
8104	-	1
810490	1	0,5
8105	-	-
8108	-	-
8111	-	1
8112	-	-
8113	-	-
8201	-	0,5
82013001	1	0,5
820140	5	5
820150	-	10
820160	-	10
820190	0,5	0,5
820210	0,5	0,5
8202	15	-
820240	1	1

#### Skýringar á töflu

Fyrst er dalkur með númerum úr tollskrá. Fyrstu 2, 4, 6, eða 8 stafir tollskránumers. Síðan kemur dalkur fyrir hlutfallsprósentu pappa/pappírsumbúða og lengst til hægri sambærilegur dalkur fyrir plastumbúðir. Gera ráð fyrir að stærð svæðis fyrir hlutfallsprósentu verði: (n..4,2).

Þegar reiknireglunni er beitt er fyrst athugað hvort 8 stafa tollskránumer vörunnar aðflutningsskýrslunni finnist í töflunni. Ef svo er ekki er næst athugað hvort fyrstu sex stafir tollskránumers passa og síðan fjórir og að lokum tveir stafir þannig að valið er það sem næst kemst viðkomandi tollskránumeri.

Síðan er hlutfallsprósentan úr töflunni fyrir viðkomandi tollskránumer í aðflutningsskýrslunni notuð til að reikna út og áætla þyngd umbúða með því að reikna hlutfallið af nettóþyngd vörunnar í viðkomandi vörulínu í aðflutningsskýrslunni.

Nettóþyngd pappa/pappírsumbúða og plastumbúða er því næst skráð í sérstök ný svæði í vörulínu tollskránumers í aðflutningsskýrslunni.

Úrvinnslusjóður og Tollstjórinn í Reykjavík, TTU-deild